# HLÍÐARSKÓLI

Þar sem við tökum flugið

## LANGTÍMAÁÆTLUN

INNRA MAT í HLÍÐARSKÓLA 2024 – 2028

## Matsáætlun

ÁRSÁÆTLUN INNRA MATS 2025-2026

**Innra mat Hlíðarskóla**
Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans og menntastefnu Akureyrarbæjar varðandi stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu, innra mat og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans og miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fjögurra ára þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gátlista gæðaviðmiða samkvæmt menntastefnu Akureyrbæjar og Menntamálastofnunar sem má skoða í tenglum í langtímaáætlun hér að neðan “gæðaviðmið”.

Í þessu skjali er langtímaáætlun innra mats til fjögurra ára ásamt áætlun skólaársins sem er uppfærð og endurskoðuð í ágúst ár hvert. Þar kemur fram hvað og hvenær á að meta þætti, hvert er viðmiðið og með hvaða hætti og hverjir taka þátt í matinu. Einnig kemur fram hver á að sjá um matið. Samantekt mats hvers skólaárs er tekið saman í innra matsskýrslu með umbótaáætlun, taldir eru fram styrkleikar þ.e. hvernig gekk að ná markmiðum og hvað má helst bæta. Áætlanir innra mats, innra matsskýrsla og umbótaáætlun eru teknar fyrir í skólaráði, á starfsmannafundum og í fræðsluráði. Áætlanir og skýrslur eru birtar á heimasíðu skólans.

# LANGTÍMAÁÆTLUN INNRA MATS 2024-2028

| Viðfangsefni | 2024-2025 | 2025-2026 | 2026-2027 | 2027-2028 |
|---|---|---|---|---|
| ***Stjórnun og fagleg forysta-gæðaviðmið*** | | | | |
| Samvirkni í stefnumótun | | | x | |
| Faglegt samstarf og samræða | x | x | x | x |
| Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu | x | x | x | x |
| Umbætur og innleiðing breytinga | | | x | |
| Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir | x | | x | |
| Starfsmannastjórnun og verkaskipting | x | x | x | |
| Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna | x | | x | |
| ***Nám og kennsla-gæðaviðmið*** | | | | |
| Inntak og námskrá | x | x | | x |
| Árangur náms | x | x | x | x |
| Gæði kennslu | x | x | x | x |
| Skipulag náms | | x | | |
| Námsvitund | | x | | |
| Ábyrgð og þátttaka | | x | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Innra mat-[gæðaviðmið]*** | | | | |
| Skipulag | x | x | x | x |
| Framkvæmd | x | x | x | x |
| Umbætur | x | | | x |
| ***Sérstakar áherslur skólans*** | | | | |
| Leiðsagnarnám | x | x | x | x |
| ART | x | x | x | x |
| CPS | x | x | x | x |

# ÁRSÁÆTLUN INNRA MATS 2025-2026

| Matsþáttur | Hvað á að meta? | Matstæki-aðferð | Ábyrgð | Þátttakendur | Viðmið - hvenær erum við ánægð? | Hvenær á að meta? Birting |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Stjórnun og fagleg forysta*** | | | | | | |
| Faglegt samstarf og samræða | Samstarf og fagmennsku | Starfsþróunar samtöl. Starfsmanna fundir | Skólastjóri Deildarstjóri | Allt starfsfólk | Markmið að ná 100% ánægju | Starfsþróunarsamtölum jafnt yfir árið. Starfsmannakönnun |
| Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu | Viðhorf foreldra til skólastarfsins<br><br>Upplýsingaflæði | Foreldra könnun skólapúlsinn | Matsteymi skólastjóri | Foreldrar | Markmið að 100% ánægja | febrúar 2022 samantekt í innra matsskýrslu júní 2022 |
| Starfsmannastjórnun og verkaskipting | Starfsmannastjórnun og | Starfsmanna könnun | Skólastjóri | Allt starfsfólk | 90% ánægja með stjórnun og | Að lokinni starfsmannakön |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | útdeilingu verkefna | | | | útdeilingu verkefna | nun. |
| **Matsþáttur** | **Hvað á að meta?** | **Matstæki-aðferð** | **Ábyrgð** | **Þátttakendur** | **Viðmið - hvenær erum við ánægð?** | **Hvenær á að meta? Birting** |
| ***Nám og kennsla*** | | | | | | |
| Inntak og námskrá | Könnun<br>Rýna í fyrirliggjandi gögn skólanámskrá | Könnun<br>Rýna í fyrirliggjandi gögn skólanámskrá | Matsteymi | Starfsfólk | Yfir 90% gagna í lagi<br>í maí | Skoðað yfir árið og birt í innra mats skýrslu júní 2025. |
| Árangur náms | Hvernig nemendum og kennurum gengur að ná settum markmiðum | Kannanir<br>Nemenda samtöl<br>Starfsmanna samtöl | Matsteymi | Nemendur<br>Kennarar | 100% nemenda séu að taka framförum í námi og ná markmiðum sínum. | Yfir allt skólaárið og tekið saman í skýrlsu júní 2022. |
| Gæði kennslu | Kennsluhættir<br>Innlögn á námsefni og verkefnum | Stafsmanna samtöl<br>Sjálfsmats listar<br>Jafningjamat<br>Stjórnendamat á kennslu<br>Rýnihópar kennara um nám og kennslu | Matsteymi | Kennarar<br>Stjórnendur | Yfir 90% nemenda ánægð<br>Fá hugmyndir frá nemendum um gæði kennslu. | Janúar og aftur í maí/júní |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skipulag náms | Hvort kennarar séu að kenna í anda Leiðsagnarnáms. Hvort kennsluáætlanir séu vel undirbúnar og uppfærðar. | Innlit stjórnenda í kennslustofur, starfsþróunarsamtöl. | Matsteymi | Kennarar og stjórnendur. | Að kennarar séu að kenna í anda Leiðsagnarnáms. Að kennsluáætlanir séu vel undirbúnar og uppfærðar. | Meta yfir allt skólaárið og birta í júní 2027 |
| Námsvitund | Hvort nemendur viti hvað þeir eru að læra og af hverju. Einnig hvort þeir gerir sér grein fyrir hvar þeir eru staddir námslega | Samtöl við nemendur, stöðufundir, nemendakannanir. | Matsteymi | Kennarar og Nemendur. | Að 100% nemendur viti hvað þeir eru að læra og af hverju. Að þeir gerir sér grein fyrir hvar þeir eru staddir námslega | Meta yfir allt skólaárið og birta í júní 2027 |
| Ábyrgð og þátttaka | Virkni nemenda og hegðun þeirra í tímum | Hegðunarskema, nemendafundir, stöðufundir. | Matsteymi | Allt starfsfólk og nemendur. | Að 90% nemenda séu virkir í tímum og taki ábyrgð á sínu námi með að taka framförum. | Meta yfir allt skólaárið og birta í júní 2027 |
| **Matsþáttur** | **Hvað á að meta?** | **Matstæki-aðferð** | **Ábyrgð** | **Þátttakendur** | **Viðmið - hvenær erum við ánægð?** | **Hvenær á að meta? Birting** |
| ***Innra mat*** | | | | | | |
| Skipulag | Áætlanir um innra mat | Yfirfara með gátlista | Matsteymi | Matsteymi | Til sé virk langtíma- og ársáætlun | Metið í lok skólaárs Samantekt í innra |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | matsskýrslu |
| Framkvæmd | Matstækin | Ræða um matstæki sem notuð eru og hvort þau henti eða leita þurfi nýrra | Matsteymi | Allt skólasamfélagið | Unnið sé samkvæmt áætlunum | Metið í lok skólaárs Samantekt í innra matsskýrslu |
| Umbætur | | | | | | Umbótaáætlun í innra matsskýrslu vor |
| **Matsþáttur** | **Hvað á að meta?** | **Matstæki-aðferð** | **Ábyrgð** | **Þátttakendur** | **Viðmið - hvenær erum við ánægð?** | **Hvenær á að meta? Birting** |
| ***Sérstakar áherslur skólans*** | | | | | | |
| Leiðsagnarnám | Innlögn á námsefni og verkefnum með leiðsagnarnám í huga | Matslistar Nemenda könnun | Skólastjóri Deildarstjóri | Kennarar | 90% matslista sýna innlögn námsefnis og verkefna í anda leiðsagnarnáms 90%nemenda ánægðir með námið | Innramats skýrslu júní 2025 |
| ART | Virkni nemenda í ART kennslu | Áhorf og umræðuhópar | Allt starfsfólk | Starfsfólk og nemendur | 90% nemenda eru virkir í ART tímum | Skoðað á starfsdegi 3.jan og aftur í júní |
| CPS | Innlagnarferli CPS | Rýnihópar | Allt starfsfólk | Starfsfólk og nemendur | Að CPS aðferðarfræðin er áþreifanleg í starfi Hlíðarskóla | Júní 2025 |